



Samþykkt um afslátt af fasteignaskatti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Afsláttur fasteignaskatts til elli- og örorkulífeyrisþega.

1. Skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er heimilt að lækka fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.
2. Nær heimildin til fasteignaskatts vegna íbúðarhúsnæðis í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem þeir nýta sjálfir til eigin búsetu og ekki er nýtt af öðrum.
3. Einungis er um að ræða afslátt af álögðum fasteignaskatti en ekki þeim þjónustugjöldum sem leggjast á viðkomandi fasteign hverju sinni
4. Þeir sem hafa rétt til afsláttar skv. 1. mgr. samþykkar þessarar eru eftirtaldir:
 - a. Ellilífeyrisþegar sem náð hafa 67 ára aldri, á því ári sem álagning fer fram. Ef um hjón eða sambúðaraðila er að ræða skulu báðir aðilar hafa náð 67 ára aldri á því ári sem álagning fer fram.
 - b. Örorkulífeyrisþegar með lögheimili í sveitarfélaginu sem metnir eru 75% öryrkjar eða meira við upphaf álagningarárs. Framvísa þarf úrskurði tryggingastofnunar eða örorkuskírteini.
5. Eigi viðkomandi umsækjandi maka eða sambúðaraðila sem búsettur er á heimilinu og er í fullu starfi nær heimild til afsláttar ekki til viðkomandi umsækjanda.
6. Stofn til afsláttar af fasteignaskatti miðast við allar skattskyldar tekjur viðkomandi aðila, hjóna eða sambúðarfólks eins og þær voru á næsta ári á undan álagningarári. Þ.e. allar tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts árið á undan teljast til viðmiðunartekna umsækjanda.
7. Afsláttur til fasteignagjalda er tekjutengdur og gefur sveitarstjórn út viðmiðunarfjárhæðir í upphafi álagningarárs. Viðmiðunarfjárhæðir eru uppreiknaðar árlega m.t.t. breytinga á vísitölu neysluverðs frá upphafi og til loka næsta árs á undan álagningarári. Afsláttur skal koma til lækkunar á álögðum fasteignaskatti, ekki er um bein fjárframlög að ræða frá sveitarfélaginu.
8. Hafi orðið verulegar breytingar á högum umsækjanda eftir að álagning hefur farið fram, svo sem við fráfall maka/sambýlisfólks tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka eða sambýlisfólki heimilt að sækja um afslátt af fasteignaskatti af því húsnæði sem hann býr í og ekki er nýtt af öðrum. Skal þá miða afslátt við viðmiðunarfjárhæðir sem gefnar eru út í upphafi þess árs. Sama gildir ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna og fellur undir skilyrði b. liðar 4 gr. samþykktar þessarar.
9. Afsláttur af fasteignaskatti reiknast við álagningu í upphafi árs og miðar við upplýsingar um tekjur frá ríkisskattstjóra tveimur árum á undan álagningu. Endurútreikningur afsláttar er gerður um mitt álagningarár og miðast þá við upplýsingar um tekjur frá ríkisskattstjóra árið á undan álagningu.
10. Ekki er þörf á að sækja um afslátt af fasteignaskatti vegna tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega í upphafi álagningarárs hafi áður verið veittur afsláttur. Heimilt er að sækja um afslátt af fasteignaskatti m.v. uppfærðar upplýsingar um tekjur viðkomandi umsækjanda árið á undan og skulu þær staðfestar af ríkisskattstjóra. Skila skal inn umsókn í gegnum netfangið skeidgnup@skeidgnup.is



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Styrkveiting til greiðslu fasteignaskatts.

11. Skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttar-, æskulýðs-, tómstunda- og mannúðarstarf.
12. Umsókn skal lögð fyrir sveitarstjórn sem tekur ákvörðun um styrkveitingu á grundvelli þess að í viðkomandi fasteign sé einungs nýtt undir starfsemi tengdri menningar-, íþróttar-, æskulýðs-, tómstunda- og mannúðarstarf og að ekki sé tekinn ágóði af starfseminni. Skal styrkurinn nýttur til niðurgreiðslu fasteignaskatts. Ekki er um beint fjárframlag að ræða.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 4. desember 2024